

Skólaráðsfundur 6. nóvember 2024

Mættir: Ellen Gísladóttir skólastjóri, Hanna Sóley Helgadóttir aðstoðarskólastjóri leikskóladeildar og ritari fundar, Eggert Thorberg Kjartansson fulltrúi starfsmanna, Bjarni Þórðarson fulltrúi Ársels og fulltrúi foreldra, Árni Brynjólfsson fulltrúi foreldrafélags, Guðrún Þorleifsdóttir fulltrúi foreldra, Ragnhildur Lára Ragnarsdóttir og Róbert Blær Bjarnason fulltrúar nemenda.

Ellen hóf fundinn á að bjóða öll velkomin, og bauð Árna nýjum meðstjórnanda í foreldrafélaginu velkomin á sinn fyrsta skólaráðsfund.

Ný stjórn foreldrafélag skólans var kynnt á fundinum. Í framhaldi af kynningu á nýrri stjórn foreldrafélagsins var spurt út í stöðu bekkjarfulltrúa í skólanum. Í haust var mannað í allar stöður bekkjarfulltrúa í öllum bekkjum skólans. Nýr starfsmaður á Skóla- og frístundasviði, Dagbjört hefur það hlutverk að vera tengiliður forelda og foreldrasamstarfs í skólum borgarinnar og foreldrafélagið er hvatt til þess að nýta sér hennar aðstoð. Málþing foreldra verður 13. nóvember í hverfi Austur. Dagbjört er komin með allar helstu upplýsingar frá foreldrafélaginu. Bjarni ítrekar að foreldrafélagið sé virkt í öllu sem er í boði og að stjórnin sofni ekki á verðinum og hvetur til samstarfs við t.d. félagsmiðstöðina og frístundaheimilið. Hrekkjavökuballið gekk mjög vel og mjög góð mæting, gott skipulag og vel haldið utan um ballið í ár.

Næst var farið yfir niðurstöður lesfimi frá september 2024. Skólinn er við fyrsta viðmið. Ártúnsskóli leggur lesfimiprófin fyrir alla nemendur, einnig þau sem eru tvítyngd og í 1. bekk en það gæti skekkst aðeins niðurstöður gagnvart landinu.

Hlutverk skólavina í frímínútum og hádegi. Nemendum í 5. – 7. bekk er boðið að vera skólavinir en verkefni þeirra eru tvíþætt. Annars vegar að aðstoða á matsal í hádeginu hjá 1. – 4. bekk og hins vegar að stjórna leikjum í frímínútum að morgni. Nemendur 5.b byrjuðu nú í haust og næst tekur 6.b við. Þátttakendur fá umbun í lok tímabilsins.

Fyrirlögn Skólapúlsins sem nemendur svöruðu í október gekk vel en niðurstöður hafa ekki borist. Könnun skólapúlsins er lögð fyrir í október og apríl ár hvert. Þættir sem spurt er um eru; virkni nemenda í skólanum, líðan og heilsa, skóla- og bekkjarbragur og opin svör.

Starfshópar vetrarins í grunnskólanum eru umhverfismennt, heilsuefling, innra mat – skólaþróun og læsi.

Þróunarverkefni eru tvö í vetur. Hjólafærni í samstarfi við Miðstöð útináms í Gufunesi og Tónlist í skólastarfi sem stýrt er af Skóla- og frístundasviði með það meginmarkmið að auka þátt tónlistar í námi og gera tónlist aðgengilegri í skólastarfi.

Helstu niðurstöður úr Íslensku æskulýðsrannsókninni frá fyrirlögn að vori 2024 voru kynntar. Nemendur í 4. – 7. bekk svöruðu könnuninni. Umræður sköpuðust um að 33% barna sem svaraði könnuninni í skólanum telja sig mæta þreytt í skólann. Ónægur svefn er sívaxandi vandamál og símar hafa þar áhrif. Lagt til að starfshópur í heilsuefningu taki þetta upp á fundi og fræði foreldra.

Önnur mál

- Heimasíða skólans er ekki enn komin í loftið, mögulega verða síður grunnskólanna opnaðar um mánaðarmótin nóvember/desember. Útlit er fyrir að heimasíðurnar verði tvær, ein fyrir grunnskólann og önnur fyrir leikskólann þrátt fyrir beiðni um eina heimasíðu.
- Árni nefndi að enn vantar aðila í foreldrafélagið sem á barn á leikskólanum. Stjórnendur taka það að sér og reyna að finna foreldri sem er til í að taka þátt.
- Bjarni nefndi fyrirhugaða ferð 7. bekkjar í skólabúðir, kostnað og annað sem gott er að vita. 7. bekkur sá um Hrekkjavökuballið, erfiðlega gekk að fá foreldra til að taka þátt í undirbúningnum. Gott að fá þessa umræðu, ákveðnir bekkir hafa ákveðin verkefni yfir veturinn. Bjarni ætlar að deila skjali með þeim verkefnum sem þarf að gera fyrir Hrekkjavökuballið. Mjög mikil ánægja með plötusnúðana.
- Ellen boðar nýja stjórn foreldrafélagsins á fund á næstu vikum.

Ritari
Hanna Sóley Helgadóttir